

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir Hringhamar 6, reitur 19B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 14. september sl. og endursamþykkti á fundi sínum 21. desember sl. nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Hringhamar 6, sem var úthlutað sem þróunarreit 19B í Hamranesi. Á deiliskipulagsreitnum er gert ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsum 4-7 hæða með allt að 70 íbúðum. Bílastæði eru á lóð.

Uppdráttur ásamt skipulagsskilmálum hafa hlotið þá málsmeðferð sem 41. gr. ofangreindra laga mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. desember 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 6. janúar 2023